

Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins

Fundargerð 1. fundar, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar
22. maí 2015 og hófst kl. 16:30.

Fundinn sátu: Borghildur Sturludóttir, Júlíus Andri Þórðarson, Kristinn Andersen, Sigríður Björk
Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson.

Kristinn bauð hópinn velkominn til starfa og tók jafnframt að sér fundarritun.

Verkefni hópsins

Fundarmenn kynntu sig og farið var yfir erindisbréf sem bæjarráð setti hópnum, en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Hópurinn skoði framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins
- Hópurinn fjalli um ýmsar hugmyndir sem komið hafa fram varðandi svæðið, kalli eftir frekari hugmyndum, fjalli um þessar hugmyndir og greini kosti og galla þeirra.
- Hópurinn móti stefnu og geri tillögur að heildaruppbyggingu á svæðinu.

Margþætt viðfangsefni

Viðfangsefni hópsins er margþætt og unnt er að nálgast það frá mörgum hliðum. Hér fara nokkur atriði til umhugsunar og skoðunar:

- Hvaða landfræðilega svæði nær verksvið hópsins yfir og hvar liggja áherslur vinnunnar?
- Hvaða „verðmæti“, í víðasta skilningi, er um að ræða á svæðinu (jarðhiti, vatn, jarðefni, ósnortin náttúra, útivistarsvæði, strandlengja, fornminjar, menningarverðmæti o.s.frv.)?
- Á svæðinu eru reitir sem falla undir Rammaáætlun (Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða).
- Óvissa er um auðlindir á svæðinu, sem krefst frekari rannsókna og kortlagningar til að meta.
- Horfa þarf til nágrannasvæða, sem falla undir önnur sveitarfélög, varðandi skipulag.
- Ætti að stofna til félags um svæðið, t.d. með aðkomu bæjarins og annarra („public-private partnership“)?

Fyrirliggjandi gögn

Fjöldmörg gögn eru nú þegar til sem tengjast Krýsuvíkursvæðinu og vinnu hópsins, s.s. Greinargerð 2 um Krýsuvík í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar (2006), Greinargerð með deiliskipulagi um Seltún (2013) o.fl. Þessum gögnum er safnað saman á vefsvæði sem hópurinn hefur aðgang að og við það safn verður áfram bætt.

Næstu skref

Hópurinn ræddi hvaða skref væri rétt að taka í vinnunni og á næstu fundum. Eftirfarandi atriði voru tekin saman og hverjir byrjuðu að vinna að þeim:

Markhópar svæðisins greindir. Hverjir eiga hagsmuna að gæta og hverjir hafa áhuga á svæðinu? (Sigríður Björk og Valdimar)

Áhugaverðir reitir innan eða við svæðið greindir. Hverjir eru þessir reitir, eða svæði, og hvað er sérstaklega áhugavert þar? T.d. Seltún, Kleifarvatn, Sveifluháls, Krýsuvíkurborg, o.s.frv. (Sigríður Björk og Valdimar).

Eldri hugmyndir og erindi um nýtingu svæðisins. Hvaða hugmyndir eða erindi hafa áður komið fram um notkun svæðisins, jafnt þær sem hafa komið til framkvæmda og hinar sem ekkert varð af? (Kristinn, Borghildur, Júlíus).

Fyrirliggjandi hugmyndir og erindi um nýtingu svæðisins. Hvaða hugmyndir eða erindi til bæjarins eru núna uppi um notkun svæðisins? (Kristinn, Borghildur, Júlíus).

Núverandi innviðir svæðisins. Hvaða innviðir eru nú þegar til staðar á svæðinu, s.s. kalt vatn, hitaveitulagnir, rafmagn, vegir og slóðar, fjarskiptasamband, salernisaðstaða, veitingaaðstaða, o.s.frv.

Öryggismál. Hvernig er öryggismálum háttað á Krýsuvíkarsvæðinu og hvað þarf að bæta þar?

Kynningar sérfræðinga um svæðið. Gagnlegt væri að fá kynningar starfsmanna bæjarins og annarra sem þekkja til, á einstökum atriðum sem varða svæðið.

Fundur í Krýsuvík. Gott væri að hópurinn héldi fund í Krýsuvík og notaði tækifærið til vettvangsskoðunar einhvern tíma að loknum fyrstu fundum.

Minnt var á fyrirhugaðan kynningarfund um Auðlindagarð á Reykjanesi, sem fram fer í Hörpu fimmtudaginn 28. maí kl. 10-12. Þeir fulltrúar hópsins sem eiga kost á munu mæta þar, en Auðlindagarður kann að tengjast verkefni hópsins með ýmsum hætti.

Fundi slitið kl. 17:45.

Sent stýrihóp til samþykktar